

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 24/95
frá 19. maí 1995**

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/94 frá 28. október 1994 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EBE frá 21. desember 1992 um beitingu á tilskipun ráðsins 72/166/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 72/166/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- 393 D 0043: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EBE frá 21. desember 1992 (Stjtið. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 51).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17. 12. 1994, bls. 63.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 51.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/43/EEB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker